

Sjöundi fundur nefndar. Haldinn í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, Skuggasundi 1, dags. 6.11.2018. Fundur hófst kl. 11:30.

Fundinn sátu: Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, Líneik Anna Sævarsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Bergþór Ólason, Halldóra Mogensen, Margrét Hallgrímsdóttir, Vilhjálmur Árnason, Ólafur Ísleifsson, Óli Halldórsson, Valtýr Valtýsson, Dagbjört Jónsdóttir, Steinar Kaldal.

Forföll boðuðu: Hanna Katrín Friðriksson.

Fundagerð ritaði: Steinar Kaldal, verkefnisstjóri.

Þetta gerðist:

1. Tímalína verkefnis

Formaður fór yfir og sýndi á glæru upphaflegu tímalínu verkefnis sem samþykkt var á fyrsta fundi nefndar í maí 2018. Ræddi hann hvernig verkefnin átta myndu skarast meira en gert var ráð fyrir í byrjun og sýndi glæru með hugmynd að svipaðri tímalínu og upphaflega en þó með meiri skörun verkefna (sjá glæsur 7. fundar). Nefnd tók undir að þetta væri raunhæfari tímalína í ljósi þess að sum verkefni, s.s. mörk og verndarflokka, þarf að vinna samhliða.

Ákvörðun var tekin um að vinna eftir uppfærðri tímalínu verkefnis.

2. Mörk þjóðgarðs

Umræðum um mörk þjóðgarðs, sem hófust á sjötta fundi nefndar, var haldið áfram. Farið var nánar yfir kort af útfærslum af mörkum sem miðað við: 1. Mörk svæðisskipulags miðhálandis 2. Mörk þjóðlendna innan miðhálandislínunnar og 3. Mörk þjóðlenda, friðlýstra svæða og svæða á náttúruminjaskrá á miðhálandinu. Auk þess var sýnt kort frá Ríkiseignum sem sýnir yfirlit ríkisjarða á landinu/miðhálandinu.

Rætt var um að næstu skref væru þau að skipuleggja samráðsfundi með þeim sveitarfélögum sem rætt var við fyrir á árinu. Þar væri hugmyndin að boða til vinnufunda sem fyrst þar sem farið yrði yfir útfærslur að mörkum og mögulega verndarflokka, aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar. Reiknað væri með að hvert sveitarfélag sendi 1-2 fulltrúa á fundinn (1-2) og óskað yrði eftir því að sveitarfélögin gætu einnig kallað sjálf til hagsmunaaðila sem þau telja mikilvægt að kæmu að umræðunni á þessu stigi. Nefnt var að fyrir fundina væri mikilvægt að láta vinna kort, skipt niður eftir landshlutum, með helstu útlínum; Miðhálandislínu, sveitarfélagamörkum, þjóðlenduþekju, friðlýstum svæðum og svæðum á náttúruminjaskrá, auk ríkisjarða.

Verkefnisstjóra var falið að hafa samband við sveitarfélögin og skipuleggja fundi með þeim. Eftirfarandi bókun var gerð á fundinum:

Nefndin ræddi svæðismörk fyrirhugaðs þjóðgarðs á miðhálandi. Fyrir liggur landsskipulagsstefna (áður svæðisskipulag miðhálandis) sem skilgreinir mörk miðhálandis Íslands. Nefndin lítur svo á að eðlilegt sé að horfa til lands innan þessa svæðis við umfjöllun um mörk þjóðgarðsins. Í fyrstu umferð sérstaklega þann hluta miðhálandisins og svæða við jaðra þess sem er í þjóðar-/ríkiseign, þ.e. þjóðlendur og ríkisjarðir og friðlýst svæði. Mikilvægt er að umræða og ákvörðun um mörk þjóðgarðsins verði tekin m.t.t. þeirrar ólíku stöðu sem uppi er annars vegar með land í þjóðar-/ríkiseign, þar á meðal jarða í ábúð og samráð við ábúendur þeirra. Hins vegar land í einkaeigu eða eigu sveitarfélaga. Þannig telur nefndin brýnt að þar sem land er ekki í þjóðareign verði áhugi á samstarfi um mótun þjóðgarðs kannaður.

Að fengnum athugasemdum, m.a. í kjölfar kynningarfundar nefndarinnar í haust, telur nefndin rétt að leita frekara samráðs við sveitarfélög og hagaðila á hverju svæði um mörk þjóðgarðsins. Þannig verði rætt við þau um þjóðgarðsmörkin en í samhengi við verndarflokkun innan þjóðgarðs og þá m.t.t. þeirrar landnýtingar sem mikilvægt er að gæta að innan fyrirhugaðs þjóðgarðs.

Verkefnastjóra og formanni er falið að vinna málið áfram í samráði við og með þátttöku nefndarmanna eftir því sem aðstæður leyfa. M.a. með því að funda eftir þörfum með þeim sveitarfélögum og hagaðilum sem þarf. Stefnt verði að því að tillaga að svæðismörkum muni verða gerð m.t.t. þessa samráðs og þá rædd innan nefndar samhliða umræðu um verndarflokkun.

Fleiri gerðist ekki og var fundi slitið 12:40.